

Niðurstöður samráðs vegna frumvarps til laga um heiðarlega starfshætti í vísindum (S-75/2019).

Samráð vegna frumvarps til laga um heiðarlega starfshætti í vísindum stóð yfir í samráðsgátt stjórnvalda frá 4.–19. mars 2019. Það barst til Alþingis 30. mars 2019, undir breyttu heiti, og fékk þar málnúmerið 779. Frumvarpið var lagt fram af forsætisráðherra undir heitinu *frumvarp til laga um vandaða starfshætti í vísindum*. Feril málsins hjá þinginu má skoða á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=149&mnr=779>

Frumvarpið varðar beint háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki sem sinna rannsóknum og þau sem þar starfa. Aðrir hagsmunaaðilar eru t.d. vísinda- og tækniráð, vísindasiðanefnd, ýmis fagfélög vísindamanna og vísindafélög, félög stúdenta og námsmanna, opinberar stofnanir og eftirlitsaðilar. Þar að auki má segja að efni frumvarpsins varði samfélagið allt því áriðandi er að almenningur geti treyst því að vandaðir starfshættir séu viðhafðir í vísindum og rannsóknum.

Samráð var haft við vísinda- og tækniráð í desember 2018 vegna áforma um lagasetningu en ekki voru gerðar neinar athugasemdir á því stigi. Áform um lagasetninguna fóru síðan í innra samráð í Stjórnarráði Íslands í árslok 2018 en voru að því búnu sett í ytra samráð í samráðsgátt stjórnvalda 18. janúar 2019 (mál S-20/2019). Samráðstímabilið stóð til 5. febrúar 2019 og voru ábendingar þess efnis sendar til helstu hagsmunaaðila, m.a. háskóla, opinberra rannsóknastofnana og fyrirtækja. Níu umsagnir bárust um áformin, frá eftirtöldum: Valorku og Samtökum frumkvöðla og hugvitsmanna, Íslenskri erfðagreiningu, Eiríki Brynjólfi Baldurssyni, samstæðufélögum Orkuveitu Reykjavíkur, Gæðaráði íslenskra háskóla, Háskólanum á Hólum, Samtökum iðnaðarins, Fedon – félagi doktorsnema og nýrannsakenda við Háskóla Íslands og vísindanefnd háskólaráðs Háskóla Íslands.

Umsagnir um áformin voru almennt jákvæðar og í þeim öllum var tekið undir nauðsyn þess að setja lög á málefnasviðinu. Í umsögn Íslenskrar erfðagreiningar, og raunar fleiri umsögnum, var bent á nauðsyn þess að nefnd um vandaða starfshætti í vísindum væri skipuð fulltrúum íslenska vísindasamfélagsins. Einnig að mikilvægt sé að íslenskir vísindamenn fylgi sömu kröfum og gerðar eru í hinu alþjóðlega vísindasamfélagi. Eiríkur Brynjólfur Baldursson tiltók sambærilegar röksemdir um mikilvægi þess að ganga í takt við hið alþjóðlega vísindasamfélag, það hafi áhrif á möguleika íslenskra vísindamanna til samstarfs erlendis og auðveldi þeim að afla styrkja og birta niðurstöður. Erlendis sé vaxandi krafa um það meðal styrkveitenda og ritstjórna að siðanefndir hafi fjallað um rannsóknirnar. Á þetta var bent í fleiri umsögnum. Eiríkur lagði líka áherslu á mikilvægi sjálfsmats rannsakenda og sjálfstæði nefndarinnar gagnvart öllum hagsmunaaðilum. Í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur og félaga tengdra henni var bent á viðvarandi samband orkugeirans og vísindasamfélagsins og nefnt að huga þurfi að snertiflötum atvinnulífsins við vísindi. Gæðaráð íslenskra háskóla vekur athygli á því að nefndin þurfi að vera leiðandi í þróun, menntun og kynningarstarfi á þessu sviði. Samtök iðnaðarins benda á mikilvægi þess að huga að hagsmunum einkafyrirtækja, einkum að því er varðar sendingu gagna til nefndarinnar, gagna sem innihalda í eðli sínu viðkvæmar upplýsingar, svo sem vegna höfundarréttar eða samkeppnissjónarmiða. Fedon vakti athygli á stöðu doktorsnema og nýrannsakenda sem viðkvæms hóps gagnvart yfirmönnum eða stofnunum og fyrirtækjum. Þessi hópur hafi sjaldan fastráðningu og sé því í oft í erfiðri stöðu. Starfshópurinn tók mið af mörgum þessara sjónarmiða við vinnslu draga að frumvarpinu.

Drög að frumvarpi til laga um vandaða starfshætti í vísindum voru sett í opið samráð í samráðsgátt stjórnvalda 4. mars sl. og var opið fyrir umsagnir til 19. mars. Fjórar umsagnir bárust á þeim tíma, frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins sameiginlega, frá Vísindasiðanefnd, frá Veðurstofu Íslands og frá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Í öllum umsögnunum er fyrirhugaðri lagasetningunni fagnað.

Í umsögn Vísindasiðanefndar er vakin athygli á hugsanlegum þætti uppljóstrara í því að afhjúpa skort á heiðarleika í vísindum. Ekki er ástæða til að fjalla nánar um það í frumvarpi að þessum lögum þar sem til stendur að leggja fyrir Alþingi frumvarp um vernd uppljóstrara. Vísindasiðanefnd bendir líka á að upphafsframlag til nefndarinnar sé of naumt eigi nefndin að geta sinnt hlutverki sínu, einkum í upphafi starfs síns. Vísindasiðanefnd bendir einnig á að gera þurfi ráð fyrir því í frumvarpinu að starfandi lögbundnar siðanefndir þurfi að geta vísað erindum til nefndar um vandaða starfshætti í vísindum. Þá bendir Vísindasiðanefnd á að æskilegt sé að fjölga nefndarmönnum svo nefnd um vandaða starfshætti í vísindum endurspegli betur breidd rannsóknasamfélagsins og í kjölfarið leggur hún til að heilbrigðisráðherra fái tilnefningarrétt í nefndina þar sem vísindarannsóknir á heilbrigðissviði séu einn umfangsmesti flokkur rannsókna á Íslandi. Í umsögn Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins er á sama hátt bent á nauðsyn þess að í nefndinni þurfi að vera fulltrúi sem hefur þekkingu á rannsóknum í atvinnulífinu. Í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur og tengdra félaga er bent á þetta sama. Starfshópurinn tók tillit til þessara ábendinga

með því að fjölga nefndarmönnum í sjö og að ráðherra hafi samráð við vísinda- og tækniráð við skipun nefndarinnar. Þá er tekið fram að meðal nefndarmanna skuli vera þekking á rannsóknum í atvinnulífinu. Í umsögn Veðurstofu Íslands er bent á að lögin þyrftu jafnframt ná til gagnasöfnunar vegna rannsókna en ekki bara til rannsókna sjálfra. Veðurstofan leggur auk þess til að í grein um gildissvið laganna verði kveðið á um að þau taki til nýdoktora, auk doktorsnema. Fallist var á það sjónarmið.

Þegar frumvarpið var kynnt í samráðsgáttinni vísaði heiti þess til heiðarlegra starfshátta í vísindum. Við lokafrágang frumvarpsins var ákveðið að nota frekar hugtakið vandaðir starfshættir sem er víðara enda ráð fyrir því gert að nefndin sem lagt er til að verði skipuð geti fjallað um fleira en óheiðarleg vinnubrögð.